

Komið þið sæl.

Hér á eftir fer umsögn frá stjórn Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 84. mál.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra lýsa yfir stuðningi við lengingu fæðingarorlofs. Það er til hagsbóta að tryggja samveru beggja foreldra við ungbörn sín á mikilvægu næmiskeiði í lífi þeirra þar sem tengslamyndun á sér stað. Þau lönd sem við viljum gjarnan bera okkur saman við, Norðurlöndin, eru nú þegar með lengra fæðingarorlof en verið hefur á Íslandi og því við hæfi að við hugum að lengingu þess hjá okkur.

Í framhaldi má einnig huga að því að brúa bilið frá fæðingarorlofi yfir í dagvistun, þ.e. að foreldrar geti gengið út frá því að fá örugga dagvistun fyrir börn sín þegar fæðingarorlofi lýkur.

Commented [J11]:

Virðingafyllt

f.h. stjórnar Heimilis og skóla,

Hrefna Sigurjónsdóttir  
Framkvæmdastjóri / Managing Director